

Eyjafjarðarsveit
Skólatröð 9
601 AKUREYRI

Garðabær, 17. júlí 2023
Málsnúmer: 202307-0005
SS

Efni: Umsögn um skipulagslýsingu vegna efnistöku við Stóra-Hamar 1 í Eyjafjarðarsveit.

Vísað er í tölvubréf, dags. 4. Júlí 2023, frá Skipulagsgátt þar sem sveitarstjórn Eyjafjarðarsveitar óskar eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um skipulagslýsingu vegna breytingu á aðalskipulagi Eyjafjarðarsveitar 2018-2030. Breytingin varðar efnistökusvæði í landi Stóra-Hamars 1.

Náttúrufræðistofnun hefur kynnt sér skipulagslýsinguna og gerir ekki athugasemdir við áformaða aðalskipulagsbreytingu. Áætlað efnistökusvæði er frekar lítið, á þegar röskuðu svæði og í hæfilegri fjarlægð frá Eyjafjarðará. Vanda skal frágang og forðast að raska gróðurlendi í nágrenni efnistökusvæðis að óþarfa.

Virðingarfyllst,

Snorri Sigurðsson

Snorri Sigurðsson
sviðsstjóri náttúruverndarsviðs

